

Vínátta

Daginn fyrir 6 ára afmælið sitt heldur Sigga í berjamó í fjallið ofan við bæinn í sveitinni þar sem hún býr. Mamma hennar var að undirbúa afmælisgjöfina sem Sigga mátti auðvitað ekki sjá. Sigga verður fyrir því óláni að týna af sér öðrum skónum og við leitina finnur hún risastóran skó, sem líkist báti með flötum botni. Litlu síðar kemur í ljós að skórinn tilheyrir skessu sem býr í fjallinu því þegar skessan kemur haltrandi niður fjallshlíðina vantar á hana annan skóinn en agnarsmái skórinn hennar Siggu er fastur á annarri litlutá skessunnar. Sigga verður ekkert hrædd við skessuna því hún er svo vingjarnleg á svipinn.

Þær fara að spjalla saman og Sigga spyr skessuna allt um hana sjálfa. Skessan segist hafa átt heima í fjallinu alein í mörg hundruð ár og að henni hafi oft leiðst. Hún hefur alltaf haldið að allir væru svo hræddir við sig. Skessan er ósköp glöð yfir því að Sigga skuli ekki vera hrædd við hana og vilji verða vinkona hennar. Meira að segja býður Sigga henni í afmælið sitt. Eftir afmælisveisluna brosir skessan út að eyrum og þakkar Siggu fyrir að vilja vera vinkona sín og segir að nú verði hún ekki einmana frammar. Bæði Sigga og skessan eru glaðar og ánægðar með nýju vinkonuna.

Svaraðu eftirfarandi spurningum

Hvað er vinur? _____

Hvað einkennir góðan vin? _____

Hvernig vilt þú vera sem vinur? _____

Hvers vegna er vínátta mikilvæg? _____



Gerid auglysingu og lysið eftir óskavini!

